



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

ÍSÁN3NB05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is		
Viðtalstími	Mánudagar kl. 10.25-11.05		
Námsefni	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> eftir Sjón (Bókabúð/Storytel). Smásögur og annað efni frá kennara Vettvangsferð til Reykjavíkur – nemendur ferðast á eigin kostnað, utan skólatíma.		
Áfangalýsing	Nemendur kynna sér bókmenntir 19., 20. og 21. aldar og lesa eina skáldsögu er tengist tímabilinu. Þeir læra að tengja texta, kvikmyndir og leikverk við bókmenntastefnur og setja í samhengi við ritunartíma og samtíma. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur taki virkan þátt í umræðum um þær bókmenntir sem unnið er með hverju sinni. Einnig er lögð áhersla á ritgerðarsmið og heimildavinnu nemenda.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Í þessum áfanga er lokapróf. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að taka einu sinni. Nemendur með skráð veikindi eða leyfi taka próf samkvæmt samkomulagi við kennara. Próf og verkefni sem er af öðrum sökum skilað í stoðtíma fá að hámarki einkunnina 5,0. Ekki er leyfilegt að taka próf í Innu utan kennslustofu nema í samráði við kennara.		
	Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.		
	Til að standast áfangann þurfa nemendur að skila ritgerð og ná lokaeinkunn sem er 4,5 eða hærri.		
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☒	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Dagbækur	10%	
	Próf/leskannanir	35%	
Ýmis verkefni	15%		
Ritgerð	10%		
Lokapróf	30%		
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn. Ætlast er til þess að þeir sækja allar kennslustundir skv. mætingarreglum skólans og skili verkefnum á réttum tíma og samkvæmt fyrirmælum kennara. Ólæsileg verkefni eða skjöl sem kennari getur ekki opnað, fá einkunnina 0. Sama gildir um stolin verkefni eða óábyrga notkun nemenda á gervigreind.		

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu bókmenntastefnum tímabilsins • helstu skáldverkum tímabilsins og höfundum þeirra • íslenskum hugtökum er notuð eru við greiningu bókmenntatexta • reglum um uppsetningu ritgerða og vísun í heimildir	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • fjalla um og greina bókmenntatexta frá tímabilinu • nota hjálparforrit og efni af neti við textagreiningu • skrá og vísa í heimildir
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • tjá sig í ræðu og riti um innihald bókmennta tímabilsins • átta sig á atriðum í íslensku samfélagi sem tengjast bókmenntum tímabilsins • rökstyðja skoðun sína á bókmenntaverki sem viðkomandi hefur kynnt sér • skrifa bókmenntaritgerð	

Vinnuáætlun - Lokapróf		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	4 x 2 klst.	8 klst.
Ritgerð	15 klst.	15 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	10 klst.	10 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		115 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Kynning á áfanga Bókmenntir, hugtök og stefnur	Verkefni um Sjón <i>Hugarkort</i>
2. vika 25. – 29. ágúst	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> bls. 7-17 og 21-29	Verkefni
3. vika 1. – 5. september	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> bls. 33-53	Mánasteinn- Lespróf 1 Verkefni
4. vika 8. – 12. september	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> bls. 55-80	Dagbók 1
5. vika 15. - 19. september	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> bls. 93-115	Mánasteinn- Lespróf 2 Verkefni
6. vika 22. - 26. september	<i>Mánasteinn -Drengurinn sem aldrei var til</i> – Verkefni kláruð.	Mánasteinn -Lespróf 3
7. vika 29. sept. - 3. október	Heimildaritgerð: Vinnubrögð og heimildaöflun?	Ritgerðarskrif
8. vika 6. - 10. október	Vettvangsferð Bókmenntastefnur – Ljóð og dægurlög	Ritgerðarskrif
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt.</i> <i>Vetrarleyfi 17. okt.</i>	Bókmenntastefnur -framhald Stoðtími	Próf úr bókmenntasögu Skil á ritgerð
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Smásaga, <i>Grimmd</i> eftir Halldór Stefánsson	Lespróf úr sögunni <i>Grimmd</i> Dagbók 2
11. vika 27- 31. október	Smásaga, <i>Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns</i> eftir Ástu Sigurðardóttur	Lespróf úr <i>Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns</i> Dagbók 3
12. vika 3. - 7. nóvember	Smásaga, <i>Draumurinn</i> eftir Ástu Sigurðardóttur	Lespróf úr sögunni <i>Draumurinn</i> Dagbók 4
13. vika 10. - 14. nóvember	Smásaga: <i>Fugl á garðstaurnum</i> eftir Halldór Laxness	Lespróf úr sögunni <i>Fugl á garðstaurnum</i> Dagbók 5
14. vika 17. - 21. nóvember	Vigdís – Sjónvarpsþættir 1-2	Vigdís - Útdráttur
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Vigdís – Sjónvarpsþættir 3-4	Könnun úr þáttunum Vigdís
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Undirbúningur fyrir lokapróf Stoðdagur	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra